

# IÐRUN EFTIR DAUÐANN.

## I.

Góður og merkur maður er skrifar mjer, segist hafa verið að lesa bækur H. D. Bradleys, Towards the Stars og The Wisdom of the Gods. Finst brjefritaranum mikið um bækur þessar, enda er þar ástæða til. En þó er ekki eins mikil framför í síðari bókinni og æskilegt hefði verið. Fyrri bókinn heitir: Áleiðis til stjarnanna, Towards the Stars, en því miður gæti síðari bókin ekki heitið The Stars reached, stjörnunum náð, því að þar bólar ekki á þeim skilningi, að framhald lífsins er á öðrum stjörnum. En að skilja það, er aðalatriði. Skilningur á tilgangi og stefnu lífsins, byrjar ekki fyr en menn vita það. Ár eftir ár hefi jeg nú verið að berjast við að hjálpa mönnum í 4 heimsálfum og mörgum löndum, til að skilja þetta, en árangurslítið ennþá, eins og rás viðburðanna sýnir svo greinilega, og jafnvel vetrarveðrið, sem hjerna er, þegar þetta er ritað (9. maí); því að þannig vorveður mun ekki koma á Íslandi, nema meðan hinn mesti sannleikur er einskis metinn. Það er gamall siður á jörðu hjer, að meta ekkert eins lítils og einmitt þann sannleika, sem mest ríður á að vita, og það er af þeirri ástæðu, umfram allt, sem vjer mennirnir erum ófarsælustu verurnar sem jörð þessa byggja, og mannkynið mundi líða undir lok fyr en varir, ef ekki yrði þar breyting á.

## II.

The Wisdom of the Gods (Viska guðanna) er að vísu ekki sú bók, sem jeg hefði óskað eftir. En bó er þar margt mjög merkilegt, og varla nokkuð, sem mjer þótti betra að lesa, en það sem nú skal sagt. Bradley og kona hans halda fund með miðli, sem Craddock heitir. Hann er það sem kallað er direct voice medium; veran sem kemur, talar þarekki af munni miðilsins, heldur heyrast raddirnar hjer og hvar í herberginu utan við miðilinn. Einn andinn, sem þarua talaði, kvaðst vera náttúrufræðingurinn A. R. Wallace (Úollas); — hann var einn af frægustu náttúrufræðingum Breta, og dó fjörugamall, 1913, fæddur 1822. „Hann mintist á bók eftir sig, sem hann kvað heita Man's Place in the Universe (Staða mannkynsins í alheiminum). Hann sagði að bókin væri öll vitlaus, að hann óskaði að hann hefði ekki skrifað hana, og ef unt væri, þá vildi hann safna saman öllu sem til væri af bókinni, og brenna“ (Wisdom of the Gods, s. 131).

### III.

Í bók þessari, sem hinn framliðni Wallace iðrast svo mjög eftir að hafa ritað og vildi geta cyðilagt gersamlega, er því haldið fram, að mannkyn muni ekki vera til í öllum alheimi, nema á þessari einu jörð. — Menn munu því skilja, að jeg þykist varla geta fundið orð til að lýsa því nóg-samlega, hve mjög mjer þykir þessi vitnisburður hins framliðna vísindamanns merkilegur. Bradley hafði sjálfur ekki nokkurn áhuga á þessu máli, hann kveðst ekki hafa lesið bók þessa, og jafnvel ekki vita hvort hún heiti eins og hann skrifar, en þar er þó rjett farið með. Og spiritistum yfirleitt, mun einmitt þykja þessi bók ágæt, enda hefi jeg sjeð að ýmsir vitna í hana, máli sínu til stuðnings, sem ekki skilja, að lífið eftir dauðann er í náttúrunni, engu síður en það líf sem vjer lifum í líkama þeim, sem gerður er af efnum þessarar jarðar. Þegar Wallace ritaði þessa bók sína, vissi hinn mikli líffræðingur ekki það, sem hann er nú farinn að vita hve mjög ríður á að skilja, nefnilega að lífið er þáttur í sköpun heimsins, vex upp á hinum ýmsu hnöttum, og á að þroskast svo, að það sigrist á öllum torfærum, sem eru á leið að því takmarki að ná alfullkomnun. Því að tilgangur heimsins er að verða alfullkomin vera eða guð almáttugur. En nú sem stendur er ekki til neinn guð almáttugur, eins og hver maður, sem vill nota vit sitt, getur skilið. Því að ef til

væri almáttugur og algóður guð, þá væri ekki til neitt annað. Eða, með öðrum orðum, öll vera væri alfullkomin. Að hugsa sjer guð sem eina persónu eða þrjár, er rangt. Guð er óendanlega margar persónur, og hver þeirra óendanlega fullkomin. Jeg veit að vísu, að fæstir munu trúa mjer, menn eru svo óþjóðræknir, halda að ekkert sje nokkurs metandi í þessum efnum, ef það er ekki sótt til Austurlanda. En þó segi jeg það satt, að vjer hjerna vesturfrá, verðum að vera í þessum fræðum sjálfstæðari en vjer höfum verið um hríð, og forðast að taka undir það sem svo oft er sagt, að viðfangsefni trúarinnar, geti ekki verið þekkingaratriði. Sannleikurinn er sá, að eina leiðin til að gera sjer rjettar hugmyndir um guð, er að nota skynsemina; guðleg opinberun er hjer ekki til. Vjer verðum að nota svo vit vort, að vjer upp götvlum verur þær annarstaðar heiminum, sem lengra eru komnar en vjer, getum fengið samband við þær og lært af þeim. Þá fyrst komumst vjer á hina sönnu frakfaraleið, sem er leiðin til þess að verða guð. En aldrei munum vjer á þá leið komast, meðan vjer misskiljum eins og Wallace gerði í þessu efni, og er því engin furða, þó að hinum merka og góða manni hafi orðið mikið um, er hann kom eftir dauðann fram á annari jörð. Í nýum líkama, og skildi, hvílkát óhappaverk hann hafði orðið til að vinna með þessari bók sinni, sem á svo háskalegan hátt miðar til að styðja lýgi og villu.

Það er hin mesta ráðgáta, hvernig hinum mikla náttúrufræðing gat orðið þannig á, að segja það, sem vitlausast verður sagt í náttúrufræði. Það væri skárri að segja að einungis einn dropi sje saltur í öllu hafinu, heldur en að halda því fram, að einungis á einum hnetti í alheimi, sjeu til lifandi verur. Því að ekkert er til í öllum heimi, sem leitast eins við að breiða sig út, eins og lífið. Jeg ætla ekki að sinni að skýra neitt frá tilraunum mínum til að ráða þá gátu, heldur geta þess, hve mjög mjer þykir það góðs viti, að Wallace skuli eftir dauðann hafa tekist að koma fram þessari tilraun sinni til að bæta úr því, sem hann hafði misgert. Er það eitt af mörgu, sem sýnir að dagur er í nánd. — Og ærið fegnir munum vjer verða sólinni, því að mjög er þessi nótt löng orðin, og kraftar vorir að þrotum kommir.

16. maí.

Helgi Pjeturss

Leiðrjetting. Í grein minni, um Henry Ford, sem heimspeking, hafði orðið bagaleg misprentun. Í staðinn fyrir: En þó þykir mjer líklegra, að um þesskonar áhrif komi þar til greina, les: En þó þykir mjer líklegra, að um þesskonar-áhrif sje ekki að ræða. Annarskonar áhrif munu það vera, er þar koma til greina.

H. P.

ÍDRUN  
EFTIR DAVEANN

1926. 23 maí  
1926